

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga haldinn í Verkfræðingahúsinu að Engjateig 9, 15.apríl 2005 og hófst kl. 17:10.

Hulda Guðmundsdóttir setti fundinn.

Jónas G. Jónasson var skipaður fundarstjóri og Bjarni Guðmundsson fundarritari.

1. Skýrsla stjórnar félagsins um störf þess á liðnu ári.

Hulda Guðmundsdóttir flutti skýrslu stjórnar.

Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga síðastliðið starfsár skipuðu:

- ? Hulda Guðmundsdóttir formaður
- ? Sveinbjörg Sveinsdóttir varaformaður
- ? Arnar Gestsson fráfarandi formaður
- ? Baldur Grétarsson gjaldkeri
- ? Sigurður E. Guttormsson ritari
- ? Eysteinn Einarsson meðstjórnandi
- ? Ásberg Ingólfsson meðstjórnandi
- ? Jóhanna Harpa Árnadóttir varamaður
- ? Kristján M. Ólafsson varamaður

Úr stjórn félagsins ganga Eysteinn Einarsson, Kristján M. Ólafsson, Arnar Gestsson og Ásberg Ingólfsson.

Arnar gefur kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn til næstu tveggja ára og Eysteinn til eins árs. Stjórnin færir Kristjáni og Ásbergi sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt og dyggilegt starf fyrir félagið.

Inngöngu í félagið árið 2004 hlutu 57 félagar en úrsagnir úr félaginu voru 7.

Vegna vangreiddra árgjalda voru 39 teknir af félagaskrá og 4 inngöngubeiðnum var frestað vegna ónógra gagna.

Alls eru nú um 931 félagsmaður í SV.

Á verkfræðistofum vinna 174 félagar, 256 hjá ríki, 76 hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum, 398 á almennum markaði og 55 eru í námi og erlendis.

Árni B. Björnsson er framkvæmdastjóri félagsins og Margrét Hólmsteinsdóttir er bókari og störfuðu þau bæði allt árið í fyrra.

Samstarf SV og Verkfræðingafélagsins hefur verið að aukast. Þessi aukna samvinna leiðir til hagræðingar og bættrar þjónustu.

Þá vék Hulda að samninganefndum SV.

Í samninganefnd SV við ríki sátu:

- ? Helga R. Eyjólfsdóttir formaður
- ? Elín G. Guðmundsdóttir
- ? Gísli Georgsson
- ? Steingrímur Jónsson
- ? Sveinn Víkingur Árnason

Samninganefndin skrifaði undir nýjan kjarasamning þann 9. mars 2005.

Samningurinn hefur verið samþykktur af félagsmönnum með miklum meirihluta.

Í samninganefnd SV við Reykjavíkurborg sátu:

- ? Bjarni Guðmundsson formaður
- ? Auður Ólafsdóttir
- ? Rúnar S. Svavarsson
- ? Sigurbjörn Búi Sigurðsson
- ? Árni Ísberg varamaður

Gildandi kjarasamningur rennur út þann 30.nóvember 2005.
Samninganefndin er að hefja vinnu við gerð nýs kjarasamnings.

Í samninganefnd SV við FRV sátu:

- ? Ragnar Hauksson
- ? Jónas Már Gunnarsson
- ? Eysteinn Einarsson formaður

Nýr kjarasamningur var samþykktur í byrjun desember 2004 og tók hann gildi 1.janúar 2005 og gildir til 31.desember 2007.

Lítil vinna var unnin hjá samninganefnd SV , sem semur við launanefnd sveitarfélaga á síðasta ári.

Þá vék Hulda að útgáfumálum á vegum SV.
Hún fjallaði um heimasíðu SV og útgáfu Verktækni.

Sigrún Hafstein er ritstjóri Verktækni en ritnefnd blaðsins sátu:

- ? Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður, fyrir SV
- ? Ólafur Pétur Pálsson fyrir VFÍ
- ? Árni Þór Árnason fyrir TFÍ

Bæklingur um Sjúkrasjóðinn var gefinn út á síðasta starfsári og sendur til félagsmanna í sjóðnum.

Þá gat Hulda um, að sumarþæklingi Orlofssjóðs, sem er á heimasíðu SV hafi verið breytt mikið.

Hulda minntist á kjarakönnun SV.

Markaðslaunatafla SV er byggð á henni ásamt fleiri könnunum og kjarasamningum.
Markaðslaunataflan er eitt beittasta vopn stórs hluta félagsmanna í sókn að bættum kjörum og nýtist sérstaklega þeim félagsmönnum SV, sem starfa á almennum markaði.

Þá vék Hulda að norrænu samstarfi og kynningarmálum SV.

Dagana 1. og 2. nóvember 2004 var haldinn norrænn fundur um kjaramál verkfræðinga í Kaupmannahöfn. Hulda Guðmundsdóttir formaður og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri sóttu fundinn fyrir hönd SV.

Stjórn SV ákvað að halda námskeið fyrir nemendur í Háskóla Íslands, sem eru að fara út á vinnumarkaðinn. Námskeiðið var haldið í október 2004. Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri SV fór yfir þróun og horfur á vinnumarkaði verkfræðinga og Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur SV kynnti lögfræðiaðstoð félagsins á námskeiðinu. Einnig kynnti Stefán Halldórsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga starfsemi og þjónustu sjóðsins á námskeiðinu.

Framadagar voru haldnir í Háskóla Íslands í febrúar 2005 og tók SV þátt í þeim ásamt VFÍ.

Formaður og framkvæmdastjóri SV heimsóttu verkfræðinema í Háskóla Íslands í mars 2005 og kynntu félagið.

Í tengslum við NIL fundinn í Kaupmannahöfn í nóvember héldu formaður og framkvæmdastjóri SV kynningarfund í Kaupmannahöfn fyrir nema í framhaldsnámi í verkfræði í DTU.

Í byrjun mars fóru formaður og framkvæmdastjóri SV á fund Norðandeildar VFÍ.

Þá vék Hulda að samstarfi við önnur félög.

Fulltrúi SV í ENSÍM nefndinni er Ragnar Hauksson.

SV hefur í rúm 4 ár séð um rekstur Stéttarfélags tölvunarfræðinga (ST) en nú eru um 40 tölvunarfræðingar í ST.

Í apríl 2004 var skrifað undir samning við Félag Tæknimanna Landsvirkjunar um rekstur félagsins og eru nú um 45 félagsmenn í félaginu en af þeim 5- 10 í SV.

Á síðasta ári var unnið áfram að því að skoða hugsanlega sameiningu SV, VFÍ og TFÍ í eitt stórt og öflugt félag.

Í október 2004 skipuðu félögin þrjú, hvert um sig tvo fulltrúa í nefnd til að gera tillögu að uppbyggingu og skipulagi eins sameiginlegs félags.

Í upphafi árs 2005 lagði nefndin síðan fram tillögur að uppbyggingu nýs félags og hvernig nefndarmenn teldu skynsamlegast að sameina félögin.

SV stefnir að því að halda kynningarfund fyrir sína félagsmenn á niðurstöðum sameiningarnefndarinnar þann 27. apríl 2005.

Þá vék Hulda að orlofsmálum SV.

Orlofssjóður SV á nú tvo bústaði, sem eru staðsettir í landi Hraunborga í Grímsnesi.

SV greiddi kr. 1.870.000 í lögfræðiaðstoð á árinu.

Þá vék Hulda að stefnumótun SV.

Lögð er áhersla á, að SV haldi úti öflugum kynningarstarfi, bæði gagnvart eigin félögum og til ímyndarsköpunar út á við.

Mikilvægt er, að verkfræðingar njóti aukinnar viðurkenningar og launaþróun þeirra verði í takt við það og kynjabundinn launamunur hverfi.

Þá er mikilvægt, að rekstur SV sé traustur og gegnsær félagsmönnum.

SV hefur hafið viðræður við Samtök atvinnulífsins um gerð staðlaðs ráðningarsamnings, sem verkfræðingar á almennum markaði gætu stuðst við, þegar þeir ráða sig til vinnu.

Stjórn SV ákvað að halda sérstakt námskeið í samningatækni fyrir konur og var námskeiðið haldið í janúar 2005 og tóku 20 konur þátt í því.

Á síðasta starfsári hefur bókhaldskerfi SV verið endurnýjað og var klárað að flytja bókhaldið yfir í Navision Financials úr Fjölmi skömmu fyrir aðalfundinn.

Þá vék Hulda að Sjúkrasjóði SV.

Í stjórn sjóðsins eru:

- ? Daði Jóhannesson
- ? Kristján M. Ólafsson
- ? Sigurður E. Guttormsson
- ?

Síðan vék Hulda að Fjölskyldu- og styrktarsjóði SV.

Reglur voru útbúnar um starfsemi sjóðsins og voru þær samþykktar á starfsárinu.

Í stjórn sjóðsins eru:

- ? Baldur Grétarsson
- ? Auður Ólafsdóttir
- ? Hafsteinn Pálsson

Þá vék Hulda að vísinda- og starfsmenntasjóðum SV.

Alls hlutu um 100 verkfræðingar vilyrði um styrk úr sjóðunum.

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður er rekinn fyrir verkfræðinga hjá ríkinu og

Starfsmenntunarsjóður fyrir verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Verið er að kanna aðild verkfræðinga á almennum markaði að vísinda- og starfsmenntunarsjóðum.

Í lok ræðu sinnar þakkaði Hulda samstarfið í stjórn SV svo og öllum þeim, sem hafa starfað fyrir félagið.

Hún kvað það vera stefnu SV að halda félagsgjöldum lágum en auka tekjur með fjölgun félaga, bættri innheimtu og aðhaldi í rekstri

2. Reikningsskil.

Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri SV gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Fyrst kynnti Árni rekstur félagssjóðs SV.

Rekstrartekjur félagssjóðs SV voru 20,24 milljónir en rekstrargjöld sjóðsins voru 19,82 milljónir árið 2004.

Að teknu tilliti til fjármagnstekna var hagnaður félagssjóðs SV 616 þúsund árið 2004.

Lögfræðikostnaður SV jókst verulega frá áætlun fyrir árið 2004.

Kostnaður við kjarakönnun SV hefur lækkað, því nú fer hún fram á netinu.

Áætlun gerir ráð fyrir 231 þúsund í hagnað af félagssjóði SV fyrir árið 2005.

Árni upplýsti, að fyrirhugað sé að halda ráðstefnu á vegum SV um alþjóðavæðingu.

Óráðstafað eigið fé félagssjóðs SV var 7,75 milljónir í árslok 2004.

Þá vék Árni að afskrifuðum árgjöldum frá fyrri árum, sem nema um 857 þúsund.

Þá vék Árni að ársreikningi Vinnudeilusjóðs SV.

Rekstrarhagnaður sjóðsins var 1.290 þúsund árið 2004.

Eignir vinnudeilusjóðs SV námu 14,3 milljónir í árslok 2004.

Þá var orðið gefið laust.

Spurt var um greiðslur frá utanfélagsmönnum og Árni B. Björnsson svaraði.

Kristján Ólafsson spurði um sögu SV og hvatti til, að vakin sé athygli á henni.

Guðjón Aðalsteinsson spurði út í umsýslutekjur SV og Árni B. Björnsson svaraði.

Reikningar félagsins voru síðan samþykktir samhljóða.

3. Skýrslur og tillögur sérstakra nefnda.

Enginn tók til máls undir þessum lið og er vísað til skriflegrar skýrslu um þetta, sem fundarmenn fengu í hendur.

4. Tillögur félagsstjórnar.

A. Árgjald til SV fyrir árið 2005.

Lagt er til, að aðalfundur SV, sem haldinn er föstudaginn 15. apríl 2005 samþykki, að árgjald ársins 2005 verði kr. 14400.

Tillagan var samþykkt.

B. Framlag í Vinnudeilusjóð SV fyrir árið 2005.

Lagt er til, að aðalfundur SV, sem haldinn er föstudaginn 15. apríl 2005 samþykki framlag ársins 2005 í Vinnudeilusjóð SV verði 0 kr.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kjör félagsstjórnar.

Eftirtalin voru kjörin í stjórn SV:

- ? Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður
- ? Jóhanna Harpa Árnadóttir varaformaður
- ? Sveinn V. Árnason meðstjórnandi
- ? Arnar Gestsson meðstjórnandi
- ? Daði Jóhannesson varamaður
- ? Eysteinn Einarsson varamaður kosinn til eins árs.

6. Kjör í stjórn Vinnudeilusjóðs SV.

Þorsteinn Sigurjónsson var kjörinn í stjórn Vinnudeilusjóðs SV.

7. Kjör skoðunarmanna ársreikninga.

Torfi G. Sigurðsson og Steinar Frímannsson og Finnur Torfi Magnússon til vara voru kjörnir skoðunarmenn ársreikninga SV.

8. Tilkynning um löggiltan endurskoðanda.

Kristinn Gestsson löggiltur endurskoðandi var valinn endurskoðandi ársreikninga SV fyrir árið 2005.

9. Nýr formaður tekur til máls.

Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður SV tók til máls.

Hún vék að alþjóðavæðingunni.

Hún kvað hnattvæðinguna leiða til breytinga á vinnumarkaði.

Sveinbjörg reiknar með, að þeim verkfræðingum fjölgi, sem þurfi að semja um kjör sín sjálfir.

Þá vék hún að vistaböndum á vinnumarkaði og kvað jafnrétti til starfa og launa vera kjaramál.

Hún sagði, að verkfræðingar yrðu að takast á við breytingar með opnum huga.

Hún kvað SV horfa til framtíðar.

Sveinbjörg sagði, að Árni B. Björnsson hafi sinnt starfi sínu sem framkvæmdastjóri SV mjög vel.

Þá kom hún inn á sameiningarmál félaga tæknimanna.

Haldinn verður kynningarfundur um þau mál á vegum SV í apríl 2005.

Hún kvaðst vilja fá niðurstöður í þessu sameiningarmáli.

Þá vék Sveinbjörg aftur að vistarböndum og kvað nauðsynlegt að þrýsta á stjórnvöld að tryggja hagsmuni launþega í verkfræðistétt.

Sveinbjörg sagði nauðsynlegt að eyða kynjabundnum launamun.

Einnig væri nauðsynlegt að styðja við bakið á nýútskrifuðum verkfræðingum.

10. Önnur mál.

Hulda Guðmundsdóttir tók til máls og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Hún vék að yfirlitsmynd á öftustu síðu í skriflegri skýrslu stjórnar SV um starfsemi félagsins.

Bjarni Guðmundsson óskaði samninganefnd SV við ríkið til hamingju með nýjan kjarasamning.

Fundi var slitið kl. 18:20

Bjarni Guðmundsson fundarritari.